



## 512. fundur Þingvallanefndar

13.mars 2024 kl 11:30-13:00

### Nefndarsviði Alþingis í Smiðju

Mætt: Vilhjálmur Árnason formaður, Andrés Ingi Jónsson, Orri Páll Jóhannsson, Berglind Ósk Guðmundsdóttir og Tómas A. Tómasson. Oddný Harðardóttir og Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir funda með okkur í gegnum fjarfundarbúnað.

Auk þeirra sátu fundinn Einar Á. E. Sæmundssen og Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Gestir: Lilja Jónasdóttir lögmaður og Guðmundur Hannesson ráðgjafi

Formaður setur fund.

#### 1. Steindórshús - notkun - umræður

Þjóðgarðsvörður fer yfir vinnu við Valhallarstíg N. 8 - Steindórshúsið. Guðmundur Hannesson ráðgjafi fer yfir vinnuskjal um rekstrarforsemdur. Umræður um rekstrarform og tillögur að breytingum. Ákvörðun um niðurstöðu frestað.

#### 2. Sumarhús

Tekin fyrir tvö erindi.

Forkaupsréttur á Neðristíg 5.

Óskað var eftir því að forkaupsréttur yrði ekki nýttur vegna 50 % hluts sem erfist til eiganda hinna 50%

Bókun: Þingvallanefnd fellur frá forkaupsrétti á Neðristíg 5 (fastanúmer 220-9018) í Kárastaðalandi í Þingvallasveit.

Erindi um breytingar á Valhallarstíg 11

Þjóðgarðsvörður fer yfir erindi frá eigendum sumarhúss að Valhallarstíg N. 11 með þremur mismunandi tillögum að útfærslu að stækkun og breytingum. Þjóðgarðsvörður tekur fram að tillagan hefði átt að sendast fyrst til byggingarfulltrúa og þaðan til Þingvallanefndar. Þrátt fyrir það var farið yfir tillögurnar.

Þingvallanefnd samþykkir ekki breytingarnar þar sem þar eru í samræmi við núgildandi byggingarskilmála.

#### 3. Stækkun þjóðgarðsins - hugmyndir.

Frestað til næsta fundar

Fundi slitið.